

Skattastefna

Höldur leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hagkvæma og ábyrga nýtingu fjármagns. Traust og gott orðspor er félaginu mikilvægt og góðir viðskiptahættir, virðing og hlíting laga og reglugerða eru þau grunngildi sem félagið leggur áherslu á í allri starfsemi sinni.

Skattastefna Hölds hefur þann tilgang að lýsa meðhöndlun og stjórnun skattamála hjá félaginu og tryggja að félagið standi við skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum. Stefnan nær til allrar starfsemi Hölds, stjórnar og starfsfólks.

- Höldur stýrir skattamálum sínum með ábyrgum hætti og greiðir alla þá skatta sem félaginu ber, á réttum tíma og í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Höldur tekur ekki þátt í viðskiptum þar sem viðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru ekki virt eða byggja á starfsemi eða eignarhaldi í leyndarlögsögu eða skattaskjólum.
- Félagið er heiðarlegt í samskiptum við skattayfirvöld og bregst við öllum fyrirspurnum og beiðnum um gögn.

Höldur lágmarkar skattaáhættu með ábyrgri stjórnun skattamála og það er hlutverk fjárhagssviðs félagsins að meta skattaáhættu reglulega m.a. með því að fylgjast með lagalegum breytingum á skattalegum kröfu, tryggja fullnægjandi þekkingu starfsmanna og halda forstjóra og stjórn upplýstum um ytri og innri breytingar sem valdið geta skattalegri óvissu.

Þessi skattastefna hefur verið samþykkt af stjórn fyrirtækisins og mun verða endurskoðuð á þriggja ára fresti, eða oftár til að tryggja að hún samræmist lagalegum kröfum.

Síðast uppfærð dags. 20.12.2024